

Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Fundur haldinn þann 23. ágúst Kringlunni 4-12

Fundur settur 11:30

Mættir: Arnar Björnsson, Atli Björn Þorbjörnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björk Evans, Heiðar Atlason, Heiður Hjaltadóttir, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fundastjóri Marta Sigurjónsdóttir.

1. Stjórn skipti með sér verkum.

Marta Sigurjónsdóttir var kosin formaður félagsins til næstu tveggja ára á síðastliðnum aðalfundi. Að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum á eftirfarandi máta:

Arnar Björnson varaformaður
Heiður Hjaltadóttir gjaldkeri
Freygerður Anna Ólafsdóttir ritari
Heiðar Atlason röltstjóri
Linda Björk Hilmarsdóttir tengiliður bekkjafulltrúa
Atli Björn Þorbjörnsson tengiliður bekkjafulltrúa
Halla meðstjórnandi

1. Þátttaka í foreldrarölti starfsárið 2016 – 2017

Heiðar kynnti niðurstöður röltkeppni síðastliðins starfsárs skólans. Veitt verða verðlaun til þriggja efstu rölthópanna.

1. sæti: 5. H. Með 47% þátttöku foreldra í rölti
2. sæti: 3. E. Með 43% þátttöku foreldra í rölti
3. sæti: 3. GGE. Með 36 % þátttöku foreldra í rölti

2. Námskynningar

Námskynningar verða í september. Halla mun sjá um kynningu á foreldrafélaginu hjá 1. bekk þann 5. september, Marta Sigurjónsdóttir mun sjá um það sama fyrir foreldra á miðstigi þann 12. september og Freygerður Anna Ólafsdóttir á efsta stigi þann 14. september.

3. Starfsplan foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Unnið var að starfsplani komandi vetrar. Settar dagsetningar eru til viðmiðunar og gætu tekið einhverjum breytingum.

Upplýsingafundur með bekkjarfulltrúum 26. september
Spilakvöld 17. október
Aðventustund 7. desember
Fundur með bekkjarfulltrúum 23. janúar
Spilakvöld 27. febrúar
Aðalfundur 3. maí

Vorhátíð 23. maí

4. **Fjáraflanir**

Fyrir liggja ferðir nemenda 10., 9. og 7. bekkjar á komandi starfsári og biðst þeim að skipta á milli sín fjáröflunarleiðum. Skipting mun eiga sér stað í samráði við bekkjarfulltrúa viðkomandi bekkjadeilda.

5. **BBC**

Fyrirspurn hefur borist frá sjónvarpsstöðinni BBC með beiðni um aðstoð við þáttagerð. Hafa þeir leitast eftir að vera viðstaddir undirritun foreldrasamnings, fara í foreldrarölt, fá viðtöl við foreldra og nemendur auk annarar myndatöku úr daglegu lífi. Markmið þáttagerðarinnar er að sýna góð áhrif foreldrasamstarfs og hvernig það smitast með jákvæðum hætti út í samfélagið.

Samþykkt að veita þá aðstoð sem hægt er.

6. **Fundartímar vetrarins**

Fundað verður reglulega í vetur og miðast fundartími við hádegið.

7. **Næsti fundur**

Næsti fundur haldinn þann 6. september 2107.

Fundi slitið 12:46.